

Jafnréttisáætlun

Grunnskóla Breiðdalshrepps

Jafnréttisáætlun Grunnskóla byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í Jafnréttisáætlunin ber skólum að uppfylla 22. og 23. greina laganna en þar segir m.a.:

22. gr. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagsamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

23. gr. Menntun og skólastarf.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tólmundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er einnig tekið fram að við skipulag náms og kennslu sé þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og hafi kost á að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Stefna skólans er að allir, nemendur njóti jafns réttar án tillits til kyns, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs og stöðu að öðru leyti. Virðing – vinátta – velgengni eru einkunnarorð Grunnskólans og marka þau grunninn að stefnu skólans.

Skólinn er vinnustaður barnanna og mikilvægt að hver nemandi fái að njóta sín miðað við getu, sérstöðu, áhuga og styrkleika. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín og tekið er mið af mismunandi námshæfileikum nemenda. Þess skal gætt í öllu starfi skólans að allir, hvort heldur eru nemendur eða starfsfólk, eigi jafnan rétt og að einstaklingum sé ekki mismunað. Jafnréttis skal gætt í námi, starfi, kennsluháttum, námsframboði og skulu viðfangsefni höfða til bæði drengja og stúlkna. Einelti og hvers kyns ofbeldi og áreitni er ekki liðið.

22. grein

Markmið	Aðgerð/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur og starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	<ul style="list-style-type: none"> Fræðsla – umræða - viðurlög 	Kennarar, skólastjórnandi	Alltaf
Einelti og hverskyn ofbeldi og áreitni er ekki liðið	<ul style="list-style-type: none"> Unnið er markvisst að því að efla jákvæð samskipti milli nemenda og starfsmanna. 	Allir	Alltaf

23. grein

Markmið	Aðgerð/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Allir jafnir-	<ul style="list-style-type: none"> Jafnréttissmiðja 	Skólastjórnandi, starfsfólk	Sept./okt.
Öllum liði vel.	<ul style="list-style-type: none"> Tvisvar á ári eru gerðar tengslakannanir meðal nemenda. 	Skólastjórnandi	Okt./feb.
Fræðsla um jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Jafnréttis og mannréttindamál flétuð inn í lífsleiknikennslu. Kennarar setji jafnréttisfræðslu inn í kennsluáætlanir 	Skólastjórnandi, Umsjónakennari og kennarar	Sett í námskrá í upphafi skólaárs. Fræðsla fer fram Yfir skólaveturinn
Kennsluhættir, kennslugögn og námsgögn höfða jafnt til drengja og stúlkna.	<ul style="list-style-type: none"> Kennarar meta allt námsefni út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum Kennarar gæti þess að mismunun ríki ekki í kennsluháttum og kennslugögnum. Umræða tekin fyrir reglulega á starfsmannafundum 	Kennarar og skólastjórnandi	Í upphafi skólaárs Jafnt og þétt yfir skólaveturinn
Gæta skal að því í náms og starfsfræðslu að drengir og stúlkur fái sömu fræðslu um námsmöguleika og störf.	<ul style="list-style-type: none"> Drengir og stúlkur fá sömu kynningar og fræðslu 	Skólastjórnandi, umsjónakennari	Yfir skólaárið
Að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir nemendum, og starfsfólki.	<ul style="list-style-type: none"> Í öllum samskiptum 	Allir	Alltaf

